

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 124/2003

frá 26. september 2003

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2003 frá 11. júlí 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/240/EB frá 24. mars 2003 um breytingu á ákvörðun 2000/45/EB að því er varðar gildistíma vistfræðilegra viðmiðana er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir þvottavélar ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 2c (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/45/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32003 D 0240:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/240/EB frá 24. mars 2003 (Stjtið. EB L 89, 5.4.2003, bls. 16).“

2. gr.

Texti ákvörðunar 2003/240/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 272, 23.10.2003, bls. 29 og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 54, 23.10.2003, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 89, 5.4.2003, bls. 16.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. september 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Prins Nikulás af Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.